

Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

5. fundur stjórnar 2022-2023, þriðjudaginn 25. október 2022

Mætt voru: Pétur Henry Petersen, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eyþórsson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason. Hólmfríður Garðarsdóttir boðaði forföll.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.00.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar.
2. Fastir fundartímar, málalisti.
3. Aðventuskemmtun emeritusa (og nýliða?) – ákveða dagsetningu.
4. Ráðning framkvæmdastjóra – staða málsins (PHP:HG:ES).
5. Staða mála við HA vegna yfirvinnu (Grétar).
6. Ósk um styrk vegna lögfræðikostnaðar.
7. Örstutt um kjarmál.
8. Önnur mál.

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 4. stjórnarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Fastir fundartíma, málalisti

Stjórnin ákvað að stjórnarfundur skuli halda á hádegi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, til vara þriðja þriðjudag mánaðarins. Aðra fundi skal halda síðdegis milli kl. 15.00-17.00

Formaður vakti athygli á málalistanum á Teams svæði stjórnar og stjórnin hvött til þess bæta við málalistanum eftir þörfum. Formaður mun funda með Gísla Má Gíslasyni vegna Starfspróunarsjóðs prófessora.

3. Aðventuskemmtun emeritusa (nýliða?) – ákveða dagsetningu

Stefnt er að því að emerítafundurinn verði haldinn 23. nóvember. Formanni og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur.

4. Ráðning framkvæmdastjóra – staða málsins (PHP:HG:ES)

Formaður greinir frá umsóknum sem bárust um starf framkvæmdastjóra félagsins. Þrjár umsækjendur voru boðaðir í viðtal sl. föstudag. Eftir umræðu stjórnar var ákveðið að hafa samband við einn þeirra og bjóða starfið.

5. Staða mála við HA vegna yfirvinnu (Grétar)

Eins og áður hefur komið fram virðist kominn upp ágreiningur við Háskólann á Akureyri um túlkun samkomulags um tilfærslu starfsþátta. Í framhaldinu hefur samráðsnefnd HA og FPR fundað um málið. Grétar greindi frá því að stjórnendur HA hafi sett það sem skilyrði við undirritun samkomulagsins að prófessorar ynnu ekki yfirvinnu. Þó eru á þessu undantekningar, m.a. vegna

mönnunarvanda. HA leggst alfarið gegn sömu túlkun á samkomulaginu og HÍ, sem m.a. heimilar að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera. Samráðsnefndin fundar aftur með stjórnendum HA nk. föstudag.

6. Ósk um styrk vegna lögfræðikostnaðar

Vegna kæru til siðanefndar Háskóla Íslands leitaði félagsmaður til stjórnar og óskaði eftir aðstoð félagsins þar sem Háskólinn hafnaði allri aðstoð við málarekstur.

Ítarlegar umræður sköpuðust um málið. Ljóst er að félagið þarf að móta sér stefnu í þessum málum þar sem fordæmum þarf að jafnaði að fylgja til að gæta jafnræðis. Þá ræddi stjórnin um þá hættu sem steðjað gæti að akademísku frelsi og tengsl þess við grunngildi í stefnu HÍ 2021-2026. Í stefnunni hvetur skólinn m.a. starfsfólk sitt til þess að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni og leggja sitt af mörkum til að auðga hana. Í umræðunni var þeirri spurningu velt upp hvort vinnuveitandinn ætti ekki að hafa aðkomu að málinu og veita starfsmanni fjárhagslegan stuðning, a.m.k. þegar utanaðkomandi kærir til siðanefndar. Frekari umræðu um málið var frestað.

7. Örstutt um kjaramál

Frestað.

8. Önnur mál

Rektor hefur óskað tilnefningar FH/FPR í ráð um málefni fatlaðs fólks. Í ráðinu skulu sitja bæði karlar og konur og því skulu tilnefningaraðilar tilnefna tvo aðila, karl og konu, til setu í ráðinu. Frestur til tilnefningar er til 28. október nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.